



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Kópavogi 13. ágúst 2010

**Efni: Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.**

Stjórn Læknafélags Íslands vill ítreka þá skoðun sína við Heilbrigðisnefnd Alþingis að hún telji varhugavert út frá hagsmunum sjúklinga að fella sérstök lög um lækna úr gildi. Læknalög kveða nú skýrt á um ábyrgð læknis, skyldur hans, sérstöðu og réttindi og vill félagið leggja ríka áherslu á mikilvægi þeirrar skilgreiningar.

Hvað varðar 24. grein frumvarpsins sem fjallar upplýsingar um þjónustu heilbrigðisstarfsmanna þá vill stjórn LÍ benda á 3. kafla í siðareglum lækna (Codex Ethicus):

**III. Kafli**

**Um auglýsingar lækna, vefsíður og fjölmiðla.**

*16.gr.*

*Lækni hlýðir að birta nýjungar í fræðigreini sinni með mikilli gát, hann skal gæta fyllstu varkárni í ummælum um fagleg mál og hann skal íhuga ábyrgð sína í því efni, hvort sem hann ræðir við einstakling eða á opinberum vettvangi.*

*17.gr.*

*Læknir skal tryggja, þegar fjölmiðlar leita til hans, að ekki sé annað eftir honum haft en það, sem hann telur sér samboðið að efni og formi.*

*18.gr.*

*Læknir má auglýsa starfsemi sína að því marki, sem landslög leyfa.*

*Við kynningu á lækniþjónustu skal veita nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar og hafa öryggi þeirra að leiðarljósi sem leita eftir*



# LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

*Þjónustunni. Kynni læknir sjálfan sig og starfsemi sína á vefsíðum eða með öðrum hætti skal hann birta siðareglur lækna með aðgengilegum hætti.*

19.gr.

*Læknir má ekki gefa fyrirheit um undralækningar né heldur gefa í skyn, að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir, sem ekki séu á vitorði lækna almenn. Læknir skal og forðast ummæli, sem geti skapað óþarfan eða óréttlæt看anlegan ótta við sjúkdóma eða órökstudda vantrú á læknisstarfi.*

20.gr.

*Lækni er ósæmandi að vekja á sér ótilhlýðilega athygli eða gefa í skyn yfirburði sína yfir aðra lækna með því að hampa eða láta hampa menntun sinni, þekkingu, hæfni, afrekum, aðferðum eða vinsældum, hvort heldur er í auglýsingum, á vefsíðum, í viðtölum, blaðagreinum, ritgerðum, fyrirlestrum, útvarpserindum, sjónvarpi eða á annan hátt.*

*Læknir má ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, og afla sér viðskipta með öðrum ótilhlýðilegum aðferðum.*

21.gr.

*Læknir má ekki leyfa notkun á lærdómstitli sínum í auglýsingum um lyf, sjúkravörur eða neinn þann varning, sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni.*

*Læknir skal gæta þess í ræðu og riti að haga umfjöllun sinni um lyf og sjúkravörur með þeim hætti að hún verði ekki álitin fela í sér auglýsingu. Ummæli læknis um lyf eða sjúkravörur í faglegu samhengi, í greinum eða fyrirlestrum, teljast ekki auglýsingar, enda sé þar ekki ágóðavon fyrir lækninn.*

Að örðu leyti vísar Læknafélagið til fyrri umsagna um ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir, formaður